

Óhefðbundinn leshringsfundur Betadeildar haldinn 19. mars 2015 á veitingastaðnum Silvu í Eyjafjarðarsveit

Þann 19. mars 2015 kl. 19:30 var haldinn óhefðbundinn leshringsfundur á veitingastaðnum Silvu. Mættar voru 11 konur.

Bækurnar sem voru til umræðu voru *Stundarfró* eftir Orra Harðarson og *Náðarstund* eftir Hannah Kent í íslenskri þýðingu Jóns Stefáns Kristjánssonar.

Hlustað var á upptökur af Víðsjá í Ríkisútvarpinu þar sem rætt var við báða höfunda.

Góðar umræður spunnust og gæddu konur sér á veitingum meðan á fundi stóð.

Ritað eftir punktum frá formanni.

Ragnheiður Sigurðardóttir